



Creative
Europe

Embargoed 7 April 12:00 CET



FRÉTTATILKYNNING

Franski spítalinn á Fáskrúðsfirði hlýtur Evrópsku Menningarverðlaunin fyrir verkefni á sviði menningararfleiðar/ Europa Nostra verðlaunin 2016

Brussel/Haag, 7 Apríl 2016 – Evrópusambandið og Europa Nostra tilkynntu í dag sigurvegara Evrópsku Menningarverðlaunanna fyrir verkefni á sviði menningararfleiðar/Europa Nostra verðlaunanna árið 2016, en þetta er stærsta viðurkenning sem veitt er á sviði menningararfleiðar í Evrópu. Verðlaunahafarnir, sem eru 28 talsins og frá 16 löndum, hafa hlotið viðurkenningu fyrir framúrskarandi afrek sín á sviðum verndunar, rannsóknavinnu, sérhæfðar þjónustu og fræðslu, þjálfunar og vitundarvakningar. **Í fyrsta sinn eru verðlaunin nú einnig veitt til framúrskarandi verkefnis frá Íslandi: Endurbyggingar og umbreytingar Franska Spítalans á Fáskrúðsfirði í safn.** Óháðar dómnefndir skipaðar sérfræðingum völdu sigurvegarana úr hópi 187 umsókna sem sendar voru inn af samtökum og einstaklingum frá 36 Evrópulöndum. Þá verða veitt sérstök verðlaun úr niðurstöðum [netkosninga](#) sem nú hefur verið opnað fyrir, þar sem almenningur getur kosið sinn sigurvegara og stutt verðlaunahafa, hvort sem er úr sínu eigin landi eða öðru Evrópulandi.

Verkefnin sem kosin voru af dómnefndinni eru öll dæmi um framúrskarandi hugvit, nýsköpun, sjálfbæra þróun og félagslega þátttöku á sviði menningararfleiðar um alla Evrópu. Á meðal þeirra verkefna sem hljóta menningarverðlaunin árið 2016 má finna: Endurbyggingu hengibrúar sem liggur meðfram bröttum gilsvegg, sem hefur greitt aðgengi fólks að magnaðri náttúrufegurð og ýtt undir straum ferðamanna til svæðisins (á Spáni); þróun kerfis til stórtækra stafrænnar endurgerðar, sem leiddi til stafrænnar endurgerðar næstum 9.000.000 dýra, grasa- og jarðfræðilegra sýna frá Evrópu og víðar, sem skiptir sköpum fyrir fræðimenn um allan heim (í Hollandi); starfsfólk þjóðminjasafns sem helguðu sig því að vinna hörðum höndum, launalaust, í þrjú ár til þess að halda safninu opnu við erfiðar pólitískar aðstæður (Bosnía og Herzegovina); og fræðsluverkefni sem hvetur almenning til þess að 'ættleiða' minnisvarða innan samfélaga sinna, að annast þá og koma þeim aftur í notkun (í Finnlandi).

*"Ég óska sigurvegurunum og samstarfsfélögum þeirra innilega til hamingju með þennan framúrskarandi árangur. Þökk sé hæfileikum þeirra og einlægum áhuga, hafa Evrópskar menningararfleiðir verið verndaðar og endurlífgaðar og munu núverandi og komandi kynslóðir njóta góðs af. Þessi verkefni hafa eftt skilning almennings á mikilvægi menningararfleiðar fyrir Evrópskt samfélag og hagkerfi. Menningararfleið tengir fólk og byggir brýr á milli liðinna, núverandi og framtíðarkynslóða. Á sama tíma ýtir hún undir aukinn hagvöxt, eflir sjálfbæra þróun og hvetur félagslega þátttöku og samheldni - sem skiptir nú mun meira máli en nokkur tíman áður. Vegna þessa styðjum við þessi verðlaun og önnur verkefni í nafni menningararfleiðar með 'Skapandi Evrópa' verkefninu, og munum halda þessum stuðningi áfram," sagði **Tibor Navracsics**, Evrópskur nefndarmaður mennta-, menningar-, ungmennta- og iþróttamála.*

*"Öll þessi sigur-verkefni sanna að arfleifð skiptir Evrópu og Evrópubúa máli. Menningararfleið ýtir undir sjálfbæra þróun hagkerfisins og styrkir fjölmenningu, eins og hefur oft verið viðurkennt af stofnunum Evrópusambandsins og sýnt hefur verið fram á í nýlegri skýrslu 'Menningararfleið skiptir máli fyrir Evrópu'. Það veitir mér ánægju að verðlaunaathöfnin muni eiga sér stað í heimaborg minni, Madrid, og það í hinu menningarlega markverða Zarzuela leikhúsi," bætti virti óperusöngvarinn **Plácido Domingo** við, en hann er einnig forseti Europa Nostra.*

Sigurvegurum Evrópsku Menningarverðlaunanna fyrir verkefni á sviði menningararfleiðar 2016 verður fagnað við sérstaka athöfn, sem leidd verður af Tibor Navracsics og Plácido Domingo, kvöldið 24 Maí í sögulega Zarzuela leikhúsinu í Madrid. Um 1000 manns munu sækja verðlaunaathöfnina, en á meðal þeirra verða sérfræðingar um menningararfleið, sjálfboðaliðar og stuðningsfólk hvaðanæva að úr Evrópu, sem og háttsettir fulltrúar stofnana Evrópusambandsins, Spánar, og aðildarríkja. Við athöfnina munu sjö sigurvegarar hljóta fyrstu verðlaun, að verðmæti €10,000, auk þess sem tilkynnt verður um sigurvegara úr netkosningu almennings.

Auk athafnarinnar munu verðlaunahafarnir kynna afrek sín á sýningu sem mun eiga sér stað um morguninn, 24 Maí, í aðalbyggingu háskóla arkitektúrs í Madrid. Þeim mun einnig vera boðið að taka þátt í ýmsum viðburðum í tengslum við ráðstefnu evrópskrar menningararfleiðar (22-27 Maí), sem skipulögð er af Europa Nostra, innan verkefnisins 'Mainstreaming Heritage', sem er styrkt af verkefni Evrópusambandsins 'Skapandi Evrópa'.

HAFA SAMBAND

Europa Nostra

[Joana Pinheiro](#) +31 70 302 40 55

[Elena Bianchi](#) +31 70 302 40 58

Evrópusambandið

[Nathalie Vandystadt](#) +32 2 2967083

[Axel Fougner](#) +32 2 2957276

Franski spítalinn á Fáskrúðsfirði

[Thorsteinn Bergsson](#) +354 551 1148

FREKARI UPPLÝSINGAR

www.europanostra.org/news/748

Twitter: [@europanostra](#)

[Upplýsingar og athugasemdir dómnefndar](#),
[ljósmyndir](#) og [myndbönd](#)

Heimasíða [Creative Europe](#)

Twitter: [@europe_creative](#)

Heimasíða [Tibor Navracsics](#)

Verðlaunahafar 2016

Flokkur: Varðveisla/ Verndun

- [Umbreyting De Hoorn brugghússins í listamiðstöð, Leuven, BELGÍU](#)
- [Býsantíska St. Péturs Kirkjan í Kastaniu, Mani, GRIKKLANDI](#)
- [Hefðbundin Vatnsmylla í Agios Germanos, Prespes, GRIKKLANDI](#)
- [Franski Spítalinn á Fáskrúðsfirði, ÍSLANDI](#)
- [Böð Diocletianusar: klaustur og útisundlaug, Róm, ÍTALÍU](#)
- [Oud Amelisweerd safnið í Bunnik, Utrecht, HOLLANDI](#)
- [Kijkuit virkið í Kortenhoef, Noord-Holland, HOLLANDI](#)
- [Dómkirkju- og biskupsdæmissafnið í Santarém, PORTÚGAL](#)
- [Göngustígur Konungsins í El Chorro gljúfrinu, Malaga, SPÁNI](#)
- [Sex kirkjur í Lorca, Murcia, SPÁNI](#)
- [Knockando ullarmyllan í Aberlour, Moray, BRETLANDI](#)
- [Gotneski Turninn við Wimpole Hall í Wimpole, Cambridgeháaði, BRETLANDI](#)

Flokkur: Rannsóknarvikkur

- [Varðveisla fornleifa undir vatnsyfirborði, Evrópskt verkefni sem stýrt er í Kaupmannahöfn, DANMÖRK](#)
- [‘Kornhlöður Minninganna’, Bra, ÍTALÍU](#)
- [Stafræn endurgerð safns Naturalis Biodiversity Center í Leiden, HOLLANDI](#)
- [Rannsókn um varðveislu Gostuša þorpsins í Pirot háaði, SERBÍU](#)
- [Myndir Fornaldar. Pitoti: Stafrænar helluristur, Cambridge, BRETLANDI](#)

Flokkur: Óeigingjarnt framlag þjónustu

- [Starfsmenn og Aðgerðasinnar National Museum of Bosni og Herzegovinu í Sarajevo, BOSNIU OG HERZEGOVINU](#)
- [Frú Giulia Maria Crespi, Milan, ÍTALÍU](#)
- [Vinir Storfjord, Sunnmøre, NOREGI](#)

Flokkur: Fræðsla, Þjálfun og Upplýsingamiðlun

- [‘Fyrri Heimstyrjöldin frá sjónarhóli barns’, Roeselare, BELGÍU](#)
- [‘Stjarnan í Skólanum’, Karlovac, CROATÍU](#)
- [‘Ættlæðing Minnisvarða’, Tampere, FINNLANDI](#)
- [Varðveisla og efling dansmenningar, Berlín, ÞÝSKALANDI](#)
- [‘Littla Safnið um Dublin’, Dublin, ÍRLANDI](#)
- [Fræðsluáttak um menningararfleifið: “Apprendisti Ciceroni”, Milánó, ÍTALÍU](#)
- [Sjálfbær Þróun Mourela Hásléttunnar, Peneda-Gerês Þjóðgarðurinn, PORTÚGAL](#)
- [‘Skólar sem arfleifið’, Bristol, BRETLANDI](#)

Europa Nostra Verðlaunin eru einnig veitt til framúrskarandi menningarátaks frá Evrópuríki sem ekki tekur þátt í Verkefni Evrópusambandsins, Skapandi Evrópa.

Flokkur: Óeigingjarnt framlag þjónustu.

[Náttúru-, sögu- og menningarsafnið – Verndarsvæðið "Niasvizh", Niasvizh, HVÍTA-RÚSSLANDI](#)

Franski spítalinn á Fáskrúðsfirði

Verkefnið fólst í endurbyggingu og flutningi Franska spítalans til Fáskrúðsfjarðar þar sem hann var upprunalega byggður. Auk spítalans voru kapella, sjúkraskýli og Læknishús á sama stað, sem einnig voru gerð upp eða endurbýggð. Nafn spítalans má rekja til stofnunar hans árið 1904 til að sinna fjölda franskra sjómanna sem veiddu við strendur Íslands í um 400 ár. Við upphaf síðari heimstyrjaldarinnar hættu þeir siglingum til Íslands. Þrátt fyrir tilraunir bæjarfélagsins til að halda spítalanum gangandi var honum fljótt lokað og húsið flutt yfir fjörðinn og breytt í íbúðarhús. Árið 1980 var húsið endanlega yfirgefið og lagðist í eyði. Uppbyggingarverkefnið, sem hófst árið 2009, fólst í samstarfi arkitekta, verkfræðinga og handverksmanna Minjaverndar og innan bæjarfélagsins undir stjórn Minjaverndar.

Þetta var stórt verkefni með það að markmiði að endurlífga þetta markverða tímabil í sögu bæjarfélagsins með því að breyta spítalanum í hótél og safn til minningar um hinn mikla fjölda sjómanna sem fórust við strendur Íslands og á spítalanum. Virðing var borin fyrir upprunalegum efniviði og handverki við endurbyggingu hússins, timbur úr gömlu byggingunni var endurnýtt og gömlu handverki beitt til hins ítrasta. *“Verkefnið endurvekur ákveðið tímabil í Evrópskri sögu með því að rifja upp þessa tengingu milli Frakklands og Íslands. Samstarfshópurinn hefur lagt sig fram um að varðveita þessa merku og viðkvæmu byggingu sem og hina áhugaverðu arfleifð sem hún stendur fyrir”,* sögðu dómamar verkefnisins.

“Endurgerð byggingar eins og Franska spítalans fyrir ólíka starfsemi er vandasamt verk. Úrlausn og úrræðasemi samstarfshópsins er sérlega góð. Sú ákvörðun að blanda saman upplýsandi safni og falletgu hóteli er mark um virðingu hópsins fyrir sögu hússins og áherslu þeirra á að auka aðgengi allra að arfleifð hennar.” Byggingin er staðsett í stórbrotnu og falletgu landslagi Fáskrúðsfjarðar og hefur laðað ferðamenn að þorpinu og þar með endurvakið stöðu þess sem athvarf fyrir þá sem eru langt að heiman.

Bakgrunnur

Evrópsku menningarverðlaunin fyrir verkefni á sviði menningararfleifðar/Europa Nostra verðlaunin

[Evrópsku menningarverðlaunin fyrir verkefni á sviði menningararfleifðar/ Europa Nostra verðlaunin](#) voru stofnuð af Evrópusambandinu árið 2002 og hafa verið rekin af Europa Nostra frá upphafi. Verðlaunin halda upp á og efla gott fordæmi í tengslum við varðveitingu menningar, rannsóknarvinnu, umönnun, sjálfbodastörf, fræðslu og upplýsingamiðlun. Með þessu móti ytir þetta átak undir skilning almennings á mikilvægi menningararfleifðar fyrir Evrópskt samfélag og hagkerfi. Verðlaunin eru styrkt af átaki Evrópusambandsins, Skapandi Evrópa.

Undanfarin 14 ár hafa samtök og einstaklingar frá 39 löndum skilað inn 2,540 umsóknum. Spánn hefur skilað inn flestum umsóknum, með 480 verkefni og í öðru sæti er Bretland, með 276 umsóknir. Ítalía er í þriðja sæti (239 umsóknir), Þýskaland í fjórða (190 umsóknir), og Frakkland í því fimmta (114 umsóknir). Þegar kemur að vinsælustu flokkunum hafa flest verkefni tengst varðveislu (1,524 talsins), því næst fræðslu, þjálfun og upplýsingamiðlun (378), þá rannsókn (319), og síðast en ekki síst framlagi þjónustu til menningararfleifðar (297).

Frá árinu 2002 hafa óháðar dómnefndir kosið 426 verðlaunahafa frá 34 löndum. Í samræmi við fjölda umsókna er Spánn efst á lista með 59 verðlaun. Bretland er í öðru sæti með 58 verðlaun, Ítalía er svo í þriðja sæti (33 verðlaun), Þýskaland í fjórða (28 verðlaun), og Grikkland í því fimmta (25 verðlaun). Verðlaun á hvern flokk skiptast þannig: Verkefni tengd varðveislu (256), verkefni tengd framlagi þjónustu til menningararfleifðar (63), Fræðsla, þjálfun og upplýsingamiðlun (55) og síðast en ekki síst, rannsóknarverkefni (52).

88 verkefni hafa hlotið fyrstu verðlaun, að verðmæti €10,000 fyrir framúrskarandi átök um menningararfleifð.

Evrópsku menningarverðlaunin fyrir verkefni á sviði menningararfleifðar/ Europa Nostra verðlaunin hafa styrkt menningarsvið Evrópu með því að leggja áherslu á gott fordæmi og hafa ýtt undir samvinnu og uppfræðslu milli ríkja, víkkandi samskiptanet hinna ýmsu aðila. Sigurvegarar hafa einnig hlotið mikinn kost af þessu átaki, meðal annars í tengslum við aukna alþjóðlega reynslu, áframhaldandi fjárveitingar og aukinn fjölda gesta. Auk þessa hefur átakið eflt þekkingu almennings á evrópskri menningararfleifð. Verðlaunin eru því kjörin leið til að upphæfa evrópska menningu.

Europa Nostra

[Europa Nostra](#) er þver-evrópskt bandalag óháðra samtaka um menningararfleið, sem njóta stuðnings víðs nets fyrirtækja og einstaklinga. Bandalagið, sem var stofnað árið 1963, teygir anga sína til 40 landa í Evrópu. Það starfar sem rödd samfélags sem hefur tileinkað sér það markmið að vernda og kynna net menningararfleiðar í Evrópu, og er viðurkennt sem fjölmennasta fulltrúanet menningararfleiðar í álfunni. Hinn heimsfrægi óperusöngvari og hjómsveitastjóri Plácido Domingo er forseti bandalagsins. Europa Nostra vinnur að því að bjarga menningarverðmætum sem eru í hættu, minnisvörðum og landslagi, og ber þar sérstaklega að taka fram verkefni sem ber heitið 'Þau 7 sem eru í mestri útrýmingarhættu'. Bandalagið fagnar framúrskarandi vinnu með því að veita Evrópsku menningarverðlaunin fyrir verkefni á sviði menningararfleiðar/Europa Nostra verðlaunin. Það veitir einnig framlag til mótunar og framkvæmda á evrópskum áætlunum og stefnum tengdum menningararfleið, í gegnum formfast samtal við evrópskar stofnanir og samstillingu við Evrópsku arfleiðarsamtökin 3.3.

Skapandi Evrópa

[Skapandi Evrópa](#) (e. Creative Europe) er ný áætlun á vegum Evrópusambandsins, sköpuð til þess að styðja menningartengda- og skapandi geira, og gera þeim þannig kleift að auka við framlag sitt til atvinnusköpunar og vaxtar. Með heildarúthlutun upp á 1.46 milljarða evra á árunum 2014-2020, styður Skapandi Evrópa við samtök á sviði menningararfleiðar, sviðslista, myndlistar, þverfaglegra lista, útgáfu, kvikmynda, sjónvarps, tónlistar og tölvuleikja, auk tugþúsunda listamanna, og starfsmanna á sviði menningarlegrar og margmiðlunar sköpunar. Fjárveitingin mun gera þeim kleift að starfa um alla Evrópu, ná til nýrra áhorfenda og áheyrenda, og þróa áfram þá færni sem stafræn menning krefst af þeim.